

## I EES-STOFNANIR

## 1. Sameiginlega EES-nefndin

2020/EES/71/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	1
2020/EES/71/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	3
2020/EES/71/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna) .....	5
2020/EES/71/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	7
2020/EES/71/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	8
2020/EES/71/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	9
2020/EES/71/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	11
2020/EES/71/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) .....	13
2020/EES/71/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta) .....	14
2020/EES/71/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 .....	15
2020/EES/71/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2018 frá 31. maí 2018 .....	16
2020/EES/71/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	17
2020/EES/71/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	18

<b>2020/EES/71/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	19
<b>2020/EES/71/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	21
<b>2020/EES/71/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi) .....	22
<b>2020/EES/71/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	23
<b>2020/EES/71/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	24
<b>2020/EES/71/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....	25
<b>2020/EES/71/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín) .....	26
<b>2020/EES/71/21</b>	Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar með stjórnskipulegum skilyrðum, sbr. 103. gr. EES-samningsins, sem hafa verið uppfyllt árið 2019, og tengdar ákvarðanir .....	28

## **II EFTA-STOFNANIR**

- 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

## **III ESB-STOFNANIR**

- 1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 103/2018

2020/EES/71/01

frá 31. maí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 frá 2. júní 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*l. gr.*

Hluta 1.2. í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 141. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004):

„– **32017 R 0949:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 frá 2. júní 2017 (Stjtið. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 153. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1843):

„154. **32017 R 0949:** Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949 frá 2. júní 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar samsetningu auðkenniskóðans fyrir nautgripi og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 (Stjtið. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi verður bætt við töfluna í viðaukanum:

Ísland	IS	352
Noregur	NO	578

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 143, 3.6.2017, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/949, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 104/2018

2020/EES/71/02

frá 31. maí 2018

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2173 frá 20. nóvember 2017 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar að samþykkja varnaráætlun um útrýmingu á Aujeszzkys-veiki í héraðinu Lombardia á Ítalíu <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 D 2173:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2173 frá 20. nóvember 2017 (Stjtíð. ESB L 306, 22.11.2017, bls. 26).“*2. gr.*Norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/2173, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 306, 22.11.2017, bls. 26.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 105/2018****2020/EES/71/03****frá 31. maí 2018****um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1972 frá 30. október 2017 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar eftirlitsáætlun fyrir riðuveiki í hjartardýrum í Eistlandi, Finnlandi, Lettlandi, Litáen (Lietuva), Póllandi og Svíþjóð og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/1972 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/ESB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:  
  
„– **32017 R 1972**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1972 frá 30. október 2017 (Stjútö. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 14).“
2. Eftirfarandi er bætt við aðlögunartexta 12. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:  
  
„J. Eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „Litháen“ í lið 1.1 í hluta III.A í A-kafla III. viðauka:  
  
„Noregur,“.“
3. Texti 46. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB) í hluta 7.2 fellur brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1972, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.<sup>(1)</sup> Stjútö. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 14.<sup>(2)</sup> Stjútö. ESB L 84, 24.3.2007, bls. 373.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 106/2018**

2020/EES/71/04

frá 31. maí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/128 frá 25. janúar 2018 um að leiðrétta tiltekna tungumálaútgáfu af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 40d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0128:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/128 frá 25. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 16).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/128, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 22, 26.1. 2018, bls. 16.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 107/2018**

2020/EES/71/05

frá 31. maí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/133 frá 24. janúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við lið 15zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 D 0133:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/133 frá 24. janúar 2018 (Stjttíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 36), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/133, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttíð. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 22, 26.1. 2018, bls. 36.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 108/2018

2020/EES/71/06

frá 31. maí 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfosati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32017 R 2324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2091):

„13zzzzzzzl. **32017 R 2324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfosati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 109/2018

2020/EES/71/07

frá 31. maí 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta áldufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta sexvötnuðu magnesíumnitrati í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 að því er varðar að bæta magnesíumdufti í skrána yfir forefni sprengiefna í II. viðauka <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 12zzq (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013) í XV. kafla:

„, breytt með:

- **32017 R 0214:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0215:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3),
- **32017 R 0216:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/216 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5).“

2. Eftirfarandi er bætt við 6. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013) í XXIX. kafla:

„, breytt með:

- **32017 R 0214:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/214 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1),
- **32017 R 0215:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/215 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5.

- **32017 R 0216:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/216 frá 30. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 34, 9.2.2017, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2017/214, (ESB) 2017/215 og (ESB) 2017/216, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 110/2018

2020/EES/71/08

frá 31. maí 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/773 frá 15. maí 2018 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/306 frá 6. febrúar 2017 <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/773 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/306, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta 3. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/306) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 R 0773**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/773 frá 15. maí 2018 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/306 frá 6. febrúar 2017 (Stjttíð. ESB L 133, 30.5.2018, bls. 1).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/773, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 133, 30.5.2018, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 111/2018

2020/EES/71/09

frá 31. maí 2018

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/165 frá 31. janúar 2018 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2017 til 30. mars 2018 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1x (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1976) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1y. **32018 R 0165**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/165 frá 31. janúar 2018 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2017 til 30. mars 2018 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Stjttíð. ESB L 31, 3.2.2018, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/165, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 31, 3.2.2018, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 112/2018**

**2020/EES/71/10**

**frá 31. maí 2018**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

Þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var birt í EES-viðbæti nr. 33, 25.4.2019, bls. 1, og Stjtið.  
ESB L 110, 25.4.2019, bls. 80.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 113/2018**

**2020/EES/71/11**

**frá 31. maí 2018**

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

Þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var birt í EES-viðbæti nr. 33, 25.4.2019, bls. 8, og Stjtið.  
ESB L 110, 25.4.2019, bls. 87.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 114/2018**

2020/EES/71/12

frá 31. maí 2018

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1106 frá 7. júlí 2016 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 24f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 L 1106:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1106 frá 7. júlí 2016 (Stjtíð. ESB L 183, 8.7.2016, bls. 59).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2016/1106, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 183, 8.7.2016, bls. 59.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 115/2018**

2020/EES/71/13

frá 31. maí 2018

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/837 frá 17. maí 2017 um leiðréttingu á pólsku og sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1998) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0837**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/837 frá 17. maí 2017 (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 3).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/837, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 3.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 116/2018

2020/EES/71/14

frá 31. maí 2018

## um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/394 frá 13. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um að fella brott flugrekstrarkröfur fyrir loftbelgi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 <sup>(2)</sup>.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012):

„– **32018 R 0394:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/394 frá 13. mars 2018 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 66nj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340):

„66nk. **32018 R 0395:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. L 71, 14.3. 2018, bls. 10).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/394 og (ESB) 2018/395, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 117/2018**

2020/EES/71/15

frá 31. maí 2018

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/401 frá 14. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar flokkun flugbrauta <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0401**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/401 frá 14. mars 2018 (Stjttð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 17).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/401, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 17.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 118/2018**

2020/EES/71/16

frá 31. maí 2018

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/835 frá 12. maí 2017 um leiðréttingu á slóvensku og sænsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (<sup>1</sup>).
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66wk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 0835:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/835 frá 12. maí 2017 (Stjttð. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 35).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/835, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjttð. ESB L 124, 17.5.2017, bls. 35.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 119/2018****2020/EES/71/17****frá 31. maí 2018****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samstarf samningsaðila EES-samningsins var aukið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2017 þannig að það tæki til þátttöku EFTA-ríkjanna í aðgerðum Sambandsins til undirbúnings rannsókna á sviði varnarmála sem eru fjármagnaðar á fjárlögum Sambandsins.
- 2) EFTA-ríkin munu halda áfram þátttöku í starfsemi Sambandsins sem varðar fjárlagalið 02 04 77 03: „Undirbúningur rannsókna á sviði varnarmála“ sem gert var ráð fyrir í almennum fjárlögum Sambandsins fyrir fjárhagsárið 2018.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna samstarf geti haldið áfram frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Í a-lið 13. mgr. 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „fjárhagsárin 2017 og 2018“ í stað orðanna „fjárhagsárið 2017“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (\*).

Skal hún koma til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 120/2018****2020/EES/71/18****frá 31. maí 2018****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum  
sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum svo það taki til aðgerða á vegum Sambandsins sem fjármagnaðar eru af almennum fjárlögum Sambandsins að því er varðar frjálsta för launþega, samræmingu almannatryggingakerfa og ráðstafanir vegna innflytjenda, m.a. innflytjenda frá þriðju löndum.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Í stað orðanna „og 2017“ í 5. og 13. mgr. 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „, 2017 og 2018“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (\*).

Skal hún koma til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 121/2018****2020/EES/71/19****frá 31. maí 2018****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að halda áfram samstarfi samningsaðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til aðgerða á vegum Sambandsins, sem fjármagnaðar eru af almennum fjárlögum Sambandsins að því er varðar framkvæmd og uppbyggingu innri markaðarins fyrir fjármálaþjónustu.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Í stað orðanna „og 2017“ í 11. mgr. 7. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „, 2017 og 2018“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram (\*).

Skal hún koma til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 122/2018****2020/EES/71/20****frá 31. maí 2018****um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (afnám tæknilegra  
hindrana í viðskiptum með vín)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2281 frá 11. desember 2017 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017 í tilteknum vínræktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínræktarhéruðum í Danmörku, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 15. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2147) í 1. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„16. **32017 R 2281**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2281 frá 11. desember 2017 um að heimila hækkun marka fyrir auðgun víns sem framleitt er úr þrúgum úr uppskeru ársins 2017 í tilteknum vínræktarhéruðum í Þýskalandi og í öllum vínræktarhéruðum í Danmörku, Hollandi (Niðurlandi) og Svíþjóð (Stjttíð. ESB L 328, 12.12.2017, bls. 17).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2281, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 328, 12.12. 2017, bls. 17.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

**Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar með stjórnskipulegum skilyrðum, 2020/EES/71/21  
sbr. 103. gr. EES-samningsins, sem hafa verið uppfyllt árið 2019,  
og tengdar ákvarðanir**

Frá því í mars árið 2000 hefur komið fram í neðanmálgrein í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar hvort gildistöku dagur viðkomandi ákvörðunar sé háður því að einhver samningsaðilanna uppfylli stjórnskipuleg skilyrði. Tilkynnt var um stjórnskipuleg skilyrði að því er varðar þær ákvarðanir sem fara hér á eftir. Hlutaðeigandi samningsaðilar hafa nú tilkynnt öðrum samningsaðilum að málsmeðferð innanlands sé lokið. Gildistöku dagur ákvarðananna er eins og fram kemur. Auk þess öðlast tilteknar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðeins gildi þegar stjórnskipuleg skilyrði framangreindra ákvarðana hafa verið uppfyllt og eru þær einnig taldar upp hér á eftir.

Nr. ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Prentsögn	Lagagerðir sem felldar eru inn í samninginn	Gildistöku dagur
195/2015	10.7.2015	Stjtið. ESB L 8, 12.1.2017, bls. 32  EES-viðbætur nr. 3, 12.1.2017, bls. 27	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012</b> um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (endursamin)	1.4.2019
93/2017	5.5.2017	Stjtið. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 44  EES-viðbætur nr. 11, 7.2.2019, bls. 53	<b>Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 713/2009 frá 13. júlí 2009</b> um að koma á fót Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði  <b>Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009</b> um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003  <b>Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 frá 13. júlí 2009</b> um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1775/2005 (3), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 29, og Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 87  <b>Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 543/2013 frá 14. júní 2013</b> um afhendingu og birtingu gagna á raforkumörkuðum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009  <b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB frá 13. júlí 2009</b> um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 2003/54/EB  <b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/73/EB frá 13. júlí 2009</b> um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir jarðgas og um niðurfellingu á tilskipun 2003/55/EB  <b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/685/ESB frá 10. nóvember 2010</b> um breytingu á 3. kafla I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas  <b>Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/490/ESB frá 24. ágúst 2012</b> um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2009 um skilyrði fyrir aðgangi að flutningskerfum fyrir jarðgas	3.10.2019

Nr. ákvörðunar	Dagsetning ákvörðunar	Prenstögn	Lagagerðir sem felldar eru inn í samninginn	Gildistökudagur
187/2017	22.9.2017	Stjtið. ESB L 174, 27.6.2019, bls. 59 EES-viðbætur nr. 52, 27.6.2019, bls. 70	<b>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015</b> um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/314/EBE	1.2.2020
